



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2023  
2311248/0.4.1


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuáætlunar í íslenska löggjöf (þingskjal 428 – 408. mál).

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri til að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuáætlunar í íslenska löggjöf.

Embætti landlæknis fagnar sem fyrr tillögu um innleiðingu lýðheilsuáætlunar í íslenska löggjöf og staðfestir vilja sinn til að vinna áfram með stjórnvöldum sem og öðrum hagaðilum að því að taka þau skref sem þarf til að festa mat á lýðheilsu í sessi með árangursríkum hætti.

Samanber [fyrrri umsögn](#) (153. löggjafarþing, mál 25) og líkt og fram kemur í greinargerð þessarar tillögu, þá tekur embættið undir mikilvægi þess að tryggja bæði faglega og gerlega útfærslu við innleiðingu matsins. Til að tryggja að framkvæmd lýðheilsuáætlunar sé raunhæf er mikilvægt að byggja á þeim grunni og reynslu sem þegar er til staðar hérlandis, s.s. hjá embætti landlæknis og Reykjavíkurborg, tryggja viðeigandi aðföng og læra af reynslu annarra þjóða.

Virðingarfyllst,

  
Kjartan Hreinn Njálsson  
aðstoðarmaður landlæknis